

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Rannsóknastöðina Rif.

### 1. gr.

#### *Heiti.*

Sjálfseignarstofnunin heitir Rannsóknastöðin Rif og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

### 2. gr.

#### *Heimilisfang.*

Heimilisfang stofnunarinnar er á Raufarhöfn í sveitarfélaginu Norðurþingi.

### 3. gr.

#### *Markmið.*

Markmið stofnunarinnar er að efla og auka náttúruvannsóknir á Melrakkaslétu, safna saman og miðla upplýsingum um náttúrufar á Melrakkaslétu og styðja nærsamfélag. Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að byggð verði upp lágmarksaðstaða sem þjónar ofangreindum markmiðum og boðnir styrkir sem hvetja vísindamenn til dvalar í stöðinni og til rannsókna á svæðinu.

### 4. gr.

#### *Stofnendur.*

Stofnendur stofnunarinnar eru Byggðastofnun, kt. 450679-0389, Norðurþing, kt. 640169-5599 og Náttúrustofa Norðausturlands, kt. 430903-3357. Rannsóknastöðin Rif er stofnuð með stofnframlagi frá Náttúrustofu Norðausturlands, í formi greinargerðar um stofnunina sem metin hefur verið á kr. 3.120.750, krónur þrjámilljónireitthundraðogtuttugupúsund-sjöhundraðogfimmtíu 00/100.

### 5. gr.

#### *Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 3.120.750, sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

### 6. gr.

#### *Stjórn.*

Í stjórn stofnunarinnar sitja 5 menn, tilnefndir til tveggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu tilnefndir á ársfundi. Eftirtaldir aðilar tilnefna einn stjórnarmann hver:

Háskólinn á Akureyri og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar (1 mann sameiginlega)

Háskóli Íslands og Landbúnaðarháskóli Íslands (1 mann sameiginlega)

Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúrustofa Norðausturlands

Norðurþing

Falli stjórnarmaður úr stjórn af einhverjum ástæðum velur sá aðili sem hann tilnefndi annan í hans stað til stjórnarsetu frá og með næsta stjórnarfundum. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum til tveggja ára í senn og kýs sér formann, varaformann og ritara. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

## 7. gr.

*Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Hann annast daglegan rekstur, fjármál og reikningsskil í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn. Hann vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar, öflun verkefna og fjár og því sem stjórnin ákvarðar hverju sinni. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 10. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting samþykktá, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

## 12. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 10. júní 2014,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Lára Kr. Gísladóttir.*